

Ef regnið væri

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí
rosalegt fjör væri þá
ég halla mér aftur læt tunguna úr
e,e,e,e,e,e,e
rosalegt fjör væri þá.

Ef snjórinn væri úr sykurpúðum og poppi
rosalegt fjör væri þá
ég halla mér aftur læt tunguna úr
e,e,e,e,e,e,e
rosalegt fjör væri þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó
rosalegt fjör væri þá
ég halla mér aftur læt tunguna úr
e,e,e,e,e,e,e
rosalegt fjör væri þá.

Upp á grænum grænum

Upp á grænum grænum,
himinháum hól
sá ég hérahjónin ganga.
Hann með trommu bomm bomm
bomm boromm bomm bomm,
hún með fiðlu sér við vanga.
Þá læddist að þeim ljótur byssukarl
og miðaði í hvelli,
en hann hitti bara trommuna sem small
og þau hlupu og héldu velli.

Sönglög á Lundi vor – sumar

Á sumardaginn fyrsta

Á sumardaginn fyrsta,
var mér gefin kista.
Styttuband og klútur,
mosóttur hrútur.

Sá ég spóa

Sá ég spóa
Suður í flóa.
Syngur lóa
út um móa:
“bí, bí, bí, bí”
vorið er komið víst á ný

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig, vertu til að leggja
hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig,
sveifla haka og rækta nýjan skóg

Litlu andarungarnir

Litlu andarungarnir
:,:allir synda vel,:
:,:Höfuð hneigja í djúpið og hreyfa lítil stél.:,:

Litlu andarungarnir

:,:ætla út á haf,:
:,:fyrst í fjarlægð skima og fara svo í kaf.:,:

Upp, upp

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður
alveg niður á tún.

Með sól í hjarta

Með sól í hjarta og söng á vörum,
við setjumst niður í grænni laut,
í lágu kjarri við kveikjum eldinn,
kakó hitum og eldum graut.

Út um mela og móa

Út um mela og móa
syngur mjúkrödduð lóa,
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.

A-a-a

3x :/:hollerassi hía hollerassi hí:/:
hollerassi hía hú.

Út um stendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla,
heyrið ómana alla
út um flóa og fjörð.

A-a-a

3x :/:hollerassi hía hollerassi hí:/:
hollerassi hía hú

Sól, sól skín á mig

Sólin er risin, sumar í bænum,
sveitirnar klæðast feldinum grænum.
Ómar allt lífið af yndi og söng
unaðsbjörtu dægrin löng.

Sól sól skín á mig
ský ský burt með þig.
Gott fyrir sólina að gleðja sig
sól sól skín á mig.

Bjarnastaðabeljurnar

Bjarnastaðabeljurnar, Þær baula mikið núna.
Þær eru að verða vitlausar
Það vantar eina kúna.
Það gerir ekkert til. Það gerir ekkert til.
Hún kemur um miðaftansbil.

Datt í kolakassann

_____ datt í kolakassann
hæfadderí, fadderall-all-a.
Þegar _____ átti að passa 'ann/'ana
hæfadderí, fadderall-all-a.

Viðlag

Ef hún/hann _____ vissi það
þá yrði 'ann/'ún alveg steinhissa.
Hæfadderí, hæfaddera, hæfadderí,
fadderall-all-a.